

Reykjavík, 25. nóv. 2017

Komdu sæll, Óli Njáll.

Ég undirritaður, Helgi Ingólfsson, kt. 180757-2609, hef samband við þig í ljósi þess að þú varst kjörinn fundarritari og skráðir fundargerð á Fulltrúafundi Félags framhaldsskólakennara, sem haldinn var á Fosshóтели þann 10. nóv. 2017, en ég var þar fulltrúi félagsdeildar Menntaskólans í Reykjavík.

Fundargerð þín frá viðkomandi fundi hefur verið birt og vil ég koma eftirfarandi leiðréttingum og athugasemdum á framfæri, og óska breytinga á fundargerðinni til samræmis við þær. Tel ég það í samræmi við almennar reglur um fundarsköp, en skv. þeim er fyrirvari til athugasemda við fundargerðir jafnan 2 vikur frá birtingu þeirra. Þykir mér miður að senda þessa punkta í tölvupósti á netfang þitt í skólanum, en ég hef ekki fundið aðrar formlegri leiðir til þess.

I.

Um umræður við lið um breyttar starfsreglur kjörstjórnar (um að „rafræn kosning teljist skrifleg kosning“) vísar Anna Rós Sigmundsdóttir, lögfræðingur KÍ, í svari sínu í fundargerðinni til fordæmis um þau efni í 8. grein laga Landssambands íslenskra verzlunarmanna.

8. grein laga Landssambands íslenskra verzlunarmanna minnst ekki einu orði á rafrænar kosningar. Það er hins vegar gert í 18. gr. laga LÍV. Þetta kynnir þú eða Anna Rós að vilja leiðrétta í fundargerðinni.

(Hvort 18. gr. laga LÍV sé hins vegar sambærileg við þær reglubreytingar, sem kjörstjórn FF lagði fram, eða hafi á nokkurn hátt fordæmisgildi fyrir FF er svo allt annað mál, sem ekki er hægt að ræða hér.)

II.

Hvergi kemur fram í fundargerð þinni að ég leitaði a.m.k. í tvígang eftir svari fundarmanna, hvoru megin við kaffihléð, hvort væri almennur málskilningur fundarfulltrúa að „rafræn kosning teldist skrifleg kosning“ (eins og lagt var til í tillögum kjörstjórnar um breyttar starfsreglur sínar).

Um afgreiðslu þess máls segir svo, orðrét, í fundargerð þinni:

„Kl. 14:45 *Kaffihlé.*

Kaffihlé lokið, áfram rætt um tillögur um breytingar á starfsreglum kjörstjórnar Félags framhaldsskólakennara og framkvæmd atkvæðagreiðslu um stjórnarkjör.

Guðbjörn óskar eftir breytingatillögum við tillögur um breytingar á starfsreglum kjörstjórnar Félags framhaldsskólakennara og framkvæmd atkvæðagreiðslu um stjórnarkjör. Þær þurfa að koma skriflega. Engin barst. Gengið til atkvæða samkvæmt tillögu kjörstjórnar.

Borið upp til atkvæða. Tillögur um breytingu á starfsreglum kjörstjórnar Félags framhaldsskólakennara og framkvæmd atkvæðagreiðslu um stjórnarkjör samþykktar eins og þær voru kynntar í fundarboði með þeirri breytingu að orðinu „ár“ var bætt við fyrir aftan orðið „eitt“ í 11. gr. samþykktara starfsreglna: 30 sögðu já, 4 sögðu nei.“

Inn í þessa lýsingu vantar eftirfarandi: Að fundarstjóri gerði þann fyrirvara á, áður en hann bar tillögur kjörstjórnar undir fundinn, að málskilningur fundarmanna á því hvort „rafræn kosning teldist skrifleg kosning“ kæmi fram í því á hvern veg viðkomandi greiddi atkvæði. Með slíku fororði var tillagan borin upp og ætti það að koma skýlaust fram í fundargerð. Fer ég fram á að

breyting verði gerð í þá veru.

### III.

Í ofangreindri tilvitnun fundargerðarinnar um afgreiðslu málsins segir í lokin: „30 sögðu já, 4 sögðu nei.“ Hið rétta er að hið minnsta 5 sögðu nei. Ég get nafngreint a.m.k. 4 þeirra (Helgi Ingólfsson, Unnar Bachmann, Guðmundur Björgvin Gylfason og Baldur Garðarsson), sem sátu saman til borðs, en auk þess var einn á næsta borði (fjær ræðupúlti), sem ég þekki ekki með nafni, en hann galt líka neikvæði sitt. (Hitt er annað mál að ég er ekki viss nema jákvæði hafi verið fleiri en 30 talsins – ég taldi þau í svipan upp í 34, en var í afleitri afstöðu til slíkrar talningar úr sæti mínu, svo ég treysti mér ekki að hafa hana fyrir satt sem athugasemd eða breytingartillögu við fundargerð.)

--

Verði ofangreindar breytingar ekki færðar inn í fundargerðina, óska ég þess að þær verði færðar inn sem bókun við hana, sem „Athugasemdir fundarmanns varðandi fundarritun.“

Hafa skal það sem sannara reynist.

Virðingarfyllt,

Helgi Ingólfsson, framhaldsskólakennari og fulltrúi MR á fulltrúafundi FF 10. nóv. 2017.

--

P.S. Samrit sent Kolbrúnu Elfu Sigurðardóttur, formanni félagsdeildarinnar.